

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 5/2006

frá 27. janúar 2006

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2005 frá 2. desember 2005 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/270/EB frá 22. mars 2005 þar sem mælt er fyrir um snið fyrir gagnagrunnskerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Með ákvörðun 2005/270/EB er felld úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/138/EB ⁽³⁾ en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XVII. kafli II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 7b (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/138/EB) falli brott.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 7d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/171/EB):
„7e. **32005 D 0270:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/270/EB frá 22. mars 2005 þar sem mælt er fyrir um snið fyrir gagnagrunnskerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjtið. ESB L 86, 5.4.2005, bls. 6).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2005/270/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 53, 23.2.2006, bls. 42 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 10, 23.2.2006, bls. 16.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 86, 5.4.2005, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 22.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. janúar 2006 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 27. janúar 2006.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

R. Wright

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.